

Föstudaginn 16. janúar 1987.

Nr. 15/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Elspu Sigríði Salberg Elísdóttur

Kærumál. Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með skírskotun til 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. janúar 1987 sem barst Hæstarétti 14. s.m. Krefst varnaraðili þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp í sakadómi Akureyrar hinn 11. janúar 1987 kl. 19:35 að viðstöddum varnaraðilja og réttargæslumanni hans. Kærufrestur samkvæmt upphafsákvæði 2. málsgreinar 174. greinar laga nr. 74/1974 var því liðinn er kærunni var lýst. Verður kærumálinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Akureyrar 11. janúar 1987.

Ár 1987, sunnudaginn 11. janúar er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í lögreglustöðinni við Þórunnarstræti af Ólafi Ólafssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögreglan á Akureyri hefur krafist þess, að Elspa Sigríður Salberg Elísdóttir, fædd 6. ágúst 1946 á Akureyri, til heimilis að Móasíðu 4 f, Akureyri, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna gruns um brot gegn XXIII. kafla sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt laugardagsins 10. þ.m. kl. 05:40 var tilkynnt til lögreglunnar á Akureyri að kærða Elspa Sigríður hefði þá skömmu áður farið frá heimili sínu með hníf í hendi og haft á orði að

hún hygðist svipta fyrrverandi eiginmann sinn, Hrafn Óskarsson, lífi. Fylgdi tilkynningunni, að kærða hefði farið á bifreiðinni A-8326. Lögreglan fann bifreiðina A-8326, Dodge Valient, fljótlega við fjölbýlishúsið Smárahlið 7. Við athugun sáu lögreglumenn, er á vettvang fóru, að búið var að brjóta rúðu í svalahurð í íbúð á jarðhæð. Þar inni á stofugólfi lágu kærða og Hrafn Óskarsson í hörðum átöku. Var kærða með búrhníf í hægri hendi. Hún var undir áhrifum áfengis. Kærða var mjög æst er hún var handtekin og hafði í hótunum um að svipta Hrafn lífi síðar.

Við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri í gær, svo og fyrir dómi, játaði kærða að hafa farið frá heimili sínu og að íbúð í fjölbýlishúsinu Smárahlið 7 b, brotist þar í gegnum rúðu og síðan ráðist að fyrrverandi eiginmanni, Hrafn Óskarssyni, með búrhníf.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Eftir er að yfirheyra vitni og afla sýnilegra sönnunargagna.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1., 4. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu rannsóknarlögreglu til greina og skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 10. febrúar 1987, klukkan 17:00.

Brot það, sem kærða er grunuð um, gæti varðað hana fangelsisrefsingu skv. ákv. XXIII. kafla sbr. 20. gr. alm. hgl. og er því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki til fyrirstöðu.

Þá ber með vísan til 2. tl. d-liðar 75. gr. laga nr. 74, 1974, að ákveða að kærða skuli á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Elspa Sigríður Salberg Elísdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 10. febrúar 1987, klukkan 17:00.

Kærða skal á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.
